



Öryggisreglur fyrir Akureyrarflugvöll



HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Öryggisreglur fyrir Akureyrarflugvöll (BIAR)

Eitt af meginmarkmiðum Isavia innanlandsflugvöllur ehf er slysalaus starfsemi á Akureyrarflugvelli. Öryggisreglurnar miða að því að minnka hættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem ógna öryggi.


Stefna Isavia innanlandsflugvöllur ehf er: .

1. Að setja flugöryggi og flugvernd framar fjárhagslegum þáttum, hagkvæmni, afkastagetu, sveigjanleika og umhverfismálum.
2. Að sjá til þess að íslenskum, sem og alþjóðlegum lögum, reglum, reglugerðum, stöðlum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði flugverndar og öryggismála sé framfylgt á Akureyrarflugvelli.
3. Að lágmarka áhættu í allri starfsemi á flugvöllinum þannig að hún sé ásættanleg og að hætta á flugslysi á, eða í nágrenni við flugvöllinn sé í raunhæfu lágmarki hverju sinni.
4. Að hafa í verki fastmótað, skjalfest öryggisstjórnunarkerfi sem heldur utan um öryggismál á Akureyrarflugvelli. Ekki aðeins fyrir Isavia innanlandsflugvöllur ehf., heldur einnig fyrir alla þá sem sinna einhverri starfsemi eða þjónustu á Akureyrarflugvelli og eru þ.a.l. undir eftirliti Isavia innanlandsflugvöllur ehf.
5. Að sjá til þess að öryggisreglum fyrir Akureyrarflugvöll sé framfylgt.

Öryggisreglur Akureyrarflugvallar eru sniðnar eftir gildandi lögum og reglugerðum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum.

Reglurnar miðast við þá starfsemi sem fram fer á flugvöllinum. Þeim er ætlað að draga úr áhættu svo sem kostur er, til ýtrasta öryggis fyrir alla starfsmenn og farþega sem fara um Akureyrarflugvöll.

Þjónusta við loftför og farþega krefst sérmenntaðs og vel þjáfaðs starfsfólks sem leysir verk sín hratt og fumlaut af hendi við aðstæður sem krefjast ýtrustu árvekni.



Hjördís Þórhallsdóttir

Umdæmisstjóri umdæmi III

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur
5.5.2021

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

1 Efnisyfirlit

2	Tilgangur.....	5
3	Skilgreiningar	5
4	Umfang	6
5	Öryggisreglur fyrir Akureyrarflugvöll.....	7
5.1	Almennt.....	7
6	Aðgangsstýring að flugsvæði	9
6.1	Áhersluatriði tengd aðgangsstýringu.....	9
7	Öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför.....	12
7.1	Kröfur um ástand og skoðun ökutækja.....	13
7.2	Umferðarmerkingar	13
7.3	Forgangsröð umferðar.....	14
7.4	Hraðatakörk	14
7.5	Kröfur til stjórnenda ökutækja	15
7.6	Akstur á flughlaði.....	15
7.7	Farangurssvæði	17
7.8	Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum	17
7.9	Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum á Akureyrarflugvelli ..	19
8	Sérstakar öryggisreglur	19
8.1	Dráttartæki.....	19
8.2	Að ýta eða draga loftfar	20
8.3	Stjórnun flughlaðs	20
8.4	Vinnuvél með færiband fyrir farangur og farm.....	21
8.5	Flutningur á farpegum og farmi.....	21
8.6	Eldsneytisáfylling loftfara	21

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

8.7	Afísing loftfara.....	21
8.8	Varasöm efni og meðferð þeirra	22
8.9	Reglur og leiðbeiningar um efnanotkun á vinnustöðum.....	22
8.10	Merkingar varasamra efna.....	22
8.11	Meðferð eldfimra efna	23
8.12	Viðbrögð við neyðarástandi.....	23
8.13	Viðhald og viðgerðir á loftförum utandyra	24
8.14	Vinnupallar og öryggismál	24
8.15	Eldsneytisbirgðastöðvar á Akureyrarflugvelli.....	24
8.16	Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka.....	24
8.17	Vinnuvernd og heilsugæsla	25

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

2 Tilgangur

Öryggisreglum Akureyrarflugvallar er ætlað að útskýra gildandi kröfur, skyldur og öryggisstaðla er varða starfsemi á flugvellinum.

3 Skilgreiningar

Aðgreint flugverndarsvæði (*Demarcated area*): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnunum aðgangi, þar sem heimilt er að stunda almannaflug milli landa.

Almannaflug (*General aviation*): Flug loftfars annað en atvinnuflug og verkflug.

Almenningssvæði (*Landside*): Sá hluti flugvallar sem ekki er flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.

Athugasemd: Mörk almennings- og flugsvæðis eru að jafnaði um girðingu og mannvirki sem teljast hluti girðingar.

Athafnasvæði (*Movement area*): Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og landingar loftfara og akstur þeirra á jörðu, þ.e., umferðarsvæði og hlöð.

Flugstöð (*Terminal*): Aðalbygging eða bygging þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.

Flugsvæði (*Airside*): Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu.

Athugasemd: Mörk almennings- og flugsvæðis eru að jafnaði um girðingu og mannvirki sem teljast hluti girðingar.

Haftasvæði (*Security restricted area*): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Slík svæði ná að jafnaði yfir m.a. öll brottfararsvæði á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæðis farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Hreint svæði á fluglaði (*Critical part of security restricted area on apron*): Svæði í kringum millilandalofftar í almenningsflugi sem er afmarkað með keilum og vaktað til að tryggja svæði á flugvernd.

Hreint svæði í flugstöð (*Critical part of security restricted area in terminal*): Svæði innan flugstöðvar sem aðgengilegt er þeim sem farið hafa í gegnum öryggisleit.

Könnun á bakgrunni (*Background check*): Könnun á því hver einstaklingur er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaveril að baki. Þetta er liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði án fylgdar.

Sérstök starfssvæði (*Special area within airside area*): Svæði einkaskýla vestan vélaverkstæðis Isavia innanlandsflugvelli ehf., sunnan girðingar við bílastæði flugstöðvar, sem telst til flugsvæðis en er skilgreint sem sérstakt starfssvæði á Akureyrarflugvelli.

Skimun (*Screening*): Beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.

Umferðarsvæði (*Manoeuvring area*): Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þó ekki á hlöðum.

Öryggisstjórnunarkerfi (*Safety management system*): Kerfi til að stjórna öryggi á flugvöllum, sem felur í sér stjórnunarlega uppbyggingu, ábyrgð, verklag, aðferðir og ráðstafanir til að öryggisstefnu á flugvelli sé framfylgt af rekstraraðila, sem sér um öryggisráðstafanir og örugga notkun flugvallarins.

4 Umfang

Reglur þessar tilgreina öryggiskröfur og umsýslu öryggismála vegna starfsemi á öllu athafnasvæði Akureyrarflugvallar.

Öryggisreglurnar gilda fyrir en takmarkast ekki við eftirfarandi:

- Starfsfólk Isavia innanlandsflugvalla ehf á Akureyrarflugvelli.
- Starfsfólk lögreglu- og tollstjóraembættisins

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

- Starfsfólk flugrekenda á Akureyrarflugvelli.
- Starfsfólk verktaka sem vinna fyrir einhverja ofangreindra stofnana eða fyrirtækja og þurfa skammtíma- eða almenn leyfisskírteini.
- Starfsmenn eldsneytis- og flugafgreiðsluaðila.
- Alla aðra starfsmenn á Akureyrarflugvelli og í byggingum sem að honum liggja.

5 Öryggisreglur fyrir Akureyrarflugvöll

5.1 Almennt

Isavia innanlandsflugvellir ehf. setur kröfur um öryggisreglur fyrir þá þjónustu sem lýst er í reglunum. Þær skulu ekki virtar að vettugi, þeim breytt, dregið úr þeim eða felldar úr gildi með öðrum reglum af yfirvöldum öðrum en Isavia innanlandsflugvalla.

Árangur öryggisstjórnunarkerfis ræðst af öryggisvitund og umsjón með öryggisreglum hjá öllum sem koma að starfsemi á Akureyrarflugvelli. Stjórnendum og starfsmönnum er undantekningarlaust skylt að fara eftir þessum reglum. Brot á settum öryggisreglum getur valdið leyfissviptingu.

Komi upp athugasemdir um atriði í þessum reglum skal þeim skilað skriflega með undirritun upphafsaðila til Isavia innanlandsflugvalla, til umfjöllunar eða leiðréttinga.

Fari aðili sem reglur þessar ná til ekki eftir þeim eða valdi hættuástandi, jafnvel vegna misræmis í öryggisreglum, skal skila skriflegri lýsingu á frávikum til flugvallarstjóra Akureyrarflugvallar til frekari aðgerða og/eða leiðréttingar.

Stjórnendur fyrirtækja og stofnana sem reglurnar ná til, eru ábyrgir fyrir því að reglunum sé framfylgt í starfseminni og á meðal starfsfólks þeirra.

Forstöðumenn og stjórnendur þeirra fyrirtækja og stofnana sem reglurnar ná til, skulu sjá til þess að starfsfólk þeirra fái fræðslu um öryggismál a.m.k. einu sinni á ári. Öryggisreglurnar séu kynntar öllum þannig að þær hafi tilætluð áhrif. Halda skal skrá um menntun og þjálfun starfsmanna.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana sem reglur þessar ná til skulu leggja fram vinnu- og öryggisreglur fyrir starfsfólk sitt. Reglurnar skulu samþykktar af flugvallarstjóra Akureyrarflugvallar. Þær skulu uppfærðar á a.m.k. þriggja ára fresti eða við áhrifamiklar breytingar.

Góð umgengni, snyrtimennska og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg öryggisatriði á flugvöllum og flughlöðum. Bannað er að skilja eftir aðskotahluti eða lausamuni á flugvallarsvæðinu. Stjórnendur, verkstjórar og öryggisfulltrúar skulu hafa skýr ákvæði um slíkt í vinnureglum og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Starfsfólk á flughlöðum, flugbrautum og flugvélaakbrautum skal klæðast áberandi fatnaði með endurskini. Allur vinnu- og öryggisfatnaður skal vera í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Á þeim svæðum þar sem snjóruðningur eða hálkueyðing fer fram er öll gangandi umferð bönnuð, aðeins nauðsynlegur akstur er leyfður og þá með sérstakri aðgæslu. Þjónustuliðar á leið til og frá loftfari og flugfarþegar við komu og brottför eru undanþegnir reglum um notkun áberandi fatnaðar með endurskini.

Meðferð hunda, katta eða annarra gæludýra er ekki heimil á Akureyrarflugvelli nema með sérstöku leyfi frá flugvallarstjóra Akureyrarflugvallar, og þá til sérstakra verkefna eða starfa á flugvöllum.

Í samræmi við 23. grein laga nr. 75/2000, um brunavarnir, skal eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á Akureyrarflugvelli, vera á ábyrgð eiganda mannvirkis og fyrir eigið fé. Hér er átt við eldvarnaeftirlit sem eigendur og forráðamenn, eða sérþjálfaðir starfsmenn þeirra, annast eða aðilar á þeirra vegum, t.d. þjónustufyrirtæki eða sjálfstætt starfandi eldvarnaeftirlitsmenn.

Öll meðferð opins elds og allra verkfæra er geta valdið íkveikju er bönnuð á Akureyrarflugvelli nema með sérstöku leyfi flugvallarstjóra. Ef óskað er eftir heimild skal hafa samband í síma 424-4000. Öll meðferð skotelda er bönnuð á Akureyrarflugvelli.

Öryggisreglurnar miðast við venjuleg veðurskilyrði. Þegar veður versnar, eykst slyshættan á öllu starfssvæði flugvallarins. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana, flugöryggisverðir og allir starfsmenn á Akureyrarflugvelli verða að taka tillit til þess ástands sem getur skapast við slíkar aðstæður. Fara skal eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni og draga þannig úr áhættu. Í lélegu skyggni eykst hættan á

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Akureyrarflugvelli og þess vegna er nauðsynlegt að takmarka alla umferð á athafnasvæði flugvallarins. Þeir aðilar sem hafa starfsleyfi fyrir flugafgreiðslu, þjónustu eða annara starfsemi á Akureyrarflugvelli, skulu hafa skýrar leiðbeiningar varðandi starfsemi í lélegu skyggni í öryggis- og verklagsreglum sínum.

Ef neyðarástand skapast, eða slys verður á fólki og þörf er á sjúkrabifreið, skal tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112. Einnig skal tilkynna hverskonar neyðarástand, óhapp, slys eða atvik sem skapar hættuástand, til vaktstjóra flugvallarins í síma 896-1270. Hann sendir flugöryggisverði á vettvang.

Til þess að draga úr hættu á að fólk verði fyrir slysi, eignir skemmist eða að veitur rofni, skal sérhver stofnun, fyrirtæki eða einkaaðili sækja um verkleyfi hjá flugvallarstjóra Akureyrarflugvallar, áður en framkvæmdir hefjast. Samkvæmt ákvæðum í reglugerðum 920/2006, 464/2007 og 631/2008, skal gera áhættumat áður en framkvæmd er hafin. Helstu hættur skulu skilgreindar í matinu og gerð grein fyrir ráðstöfunum, til að draga úr áhættuþáttum þannig að niðurstöður séu ásættanlegar.

Notkun reiðhjóla er bönnuð á athafnasvæðum flugvallarins.

Slys, skemmdir eða ólag á loftfari, sem og á tækjabúnaði til þjónustu loftfars sem og tækjum flugvallarþjónustu, skal tilkynna strax til næsta yfirmanns, hversu lítil sem þau virðast vera,

Notkun skemmtitækja eins og iPod/tónhlöðu eða geislaspilara með heyrnartóli eru bönnuð við störf á Akureyrarflugvelli.

Við þjónustu loftfara skal ávallt nota tækjabúnað sem viðurkenndur er fyrir stærð þess.

6 Aðgangsstýring að flugsvæði

6.1 Áhersluatriði tengd aðgangsstýringu

Flugsvæði Akureyrarflugvallar er aðgangsstýrt. Girðingar, hlið og hurðir milli almennings- og flugsvæðis og sérstaks starfssvæðis skulu ávallt vera tryggilega frágengin og læst þegar engin umferð er um þau. Hlið og hurðir sem aðilar nota til ferða

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

inn á flugsvæði, haftasvæði og svæði sem liggja að flug- og akbrautum eru aðgangsstýrð með aðgangsstjórnunarkerfi eða mannaðri vakt/stjórnun.

Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum skal einungis heimil ferð um og inn á flugsvæði flugvallar, þ.m.t. haftasvæði, þó að undanskildu sérstöku starfssvæði, hafi þeir gilda aðgangsheimild útgefna af rekstraraðila flugvallarins.

Slíkar heimildir eru:

- Auðkennisspjöld fyrir einstaklinga
- Leyfisbréf eða auðkennisspjald fyrir ökutæki og vinnuvélar.

Á auðkennisspjaldi kemur fram nafn handhafa, ljósmynd af honum, nafn starfsaðila/fyrirtækis, gildistími og áritum sem sýnir að hvaða svæði handhafi hefur aðgang. Leyfisbréf og auðkennisspjöld ökutækja og vinnuvéla skulu gefin út á tiltekið ökutæki eða vinnuvél. Í leyfisbréfi/auðkennisspjaldi kemur fram skráningarnúmer ökutækis eða vinnuvélar, nafn umráðanda, gildistími heimildar, áritun um hvaða svæði ökutæki eða vinnuvél er heimill aðgangur og undirritun/stimpill rekstraraðila flugvallar.

Gestir á ábyrgð og undir umsjá aðila með gilda aðgangsheimild, sem og aðilar sem fljúga inn á völlinn þurfa ekki að vera með aðgangsheimild. Undanþágan tekur til komu og brottfarar á flugvöllinum og eðlilegra hreyfinga loftfars innan flugsvæðis.

Aðgangsheimildir eru gefnar út með tiltekin gildistíma, að hámarki fimm ár.

Umsóknareyðublöð eru á vef Isavia, sjá:

<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/akureyrarflugvollur/eydublod>.

Vinnuveitendur sækja um aðgangsheimild fyrir hönd starfsmanna sinna.

Þegar sótt er um aðgang að haftasvæði skal einstaklingur gangast undir bakgrunnsathugun Ríkislögreglustjóra, a.m.k. fimm ár aftur í tímann. Standist umsækjandi ekki bakgrunnsathugun er umsókn synjað.

Handhafar aðgangsheimilda, og þeir sem hafa aðgang að svæðum einkaskýla, skulu hafa:

- Lokið viðeigandi flugverndarnámskeiði/þjálfun í umgengni um flugsvæði, haftasvæði og sérstök starfssvæði.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

- Kynnt sér ákvæði þessara reglna áður en aðgangsheimild eða aðgangur er gefin, undirritað yfirlýsingu þess efnis og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

Við endurnýjun aðgangsheimilda, þ.e. á 5 ára fresti, þarf umsækjandi að sækja endurmenntunarnámskeið í flugvernd.

Aðilar með starfsemi eða byggingar sem tengja almennings- og flugsvæði bera ábyrgð á stjórnun umferðar um og í gegnum aðstöðu sína. Þeir mega **ekki** afhenda aðgangskort né fjarstýringar að byggingum sínum til annarra en þeirra sem eru með aðgangsheimild frá rekstraraðila flugvallar, nema með sérstöku leyfi rekstraraðila flugvallarins.

Starfsaðili með aðgangsheimild í gegnum hlið og hurðir er ábyrgur fyrir þeim aðilum sem hann kann að hleypa í gegn þar til sá hinn sami er kominn í umsjá annars aðila með gilda aðgangsheimild eða hefur yfirgefið svæðið.

Þegar aðili fer um hlið á flugsvæði ber honum að gæta þess að enginn fari í gegn á eftir honum. Til þess að passa það skal ökumaður stöðva ökutæki þegar í gegnum hliðið er komið og bíða þar til hliðið hefur lokast að fullu.

Aðgangsheimildir sem og allar fjarstýringar og lykklar eru eign Isavia innanlandsflugvöllur ehf. Notkun útrunninna heimilda er bönnuð.

Glatist aðgangsheimild er það tilkynnt flugvallarstjóra og umsókn fyllt út að nýju ef gefa þarf út nýja heimild.

Allir sem fara um, eða starfa á flugsvæði, skulu bera auðkennisspjald á sýnilegum stað. Þó að undanskildum sérstökum starfssvæðum.

Einstaklingar með gilda aðgangsheimild skulu hafa afskipti af þeim sem þeir verða varir við innan flugvallar sem ekki eru í sýnileikafatnaði og/eða eru ekki með aðgangskort.

Hvorki einstaklingur né varningur skulu fara inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar í flugstöð eða á flughlaði án þess að vera skimaðir með tilhlýðilegum hætti eða tryggðar aðrar jafnar mótvægisaðgerðir.

Svæði einkaskýla er sérstakt starfssvæði innan flugvallar en utan innri girðingar flugsvæðis. Aðgangi að starfssvæðinu er stýrt með almennri eða auðkenndri fjarstýringu,

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

talnakóða eða aðgangskorti. Skilyrði þess að aðila sé veittur aðgangur að svæði einkaskýla er að umsækjandi:

- Hafi umráð yfir, eða eigi hlut í, loftfari sem geymt er innan svæðisins.
- Hafi flugtengda starfsemi með höndum eða starfi við flugtengda starfsemi sem staðsett er innan svæðisins.
- Sé með starfsemi eða komi að starfsemi innan svæðisins sem flugvallaryfirvöld hafa ekki talið varhugaverða út frá öryggissjónarmiðum.
- Hafi sótt þjálfun.

Þeir aðilar sem hafa aðgang að svæði einkaskýla skal heimill takmarkaður aðgangur að flugsvæði séu þeir um borð í loftfari vegna flugs eða vegna þjónustu við loftfar innan flugsvæðis. Aðgangurinn skal einungis veittur með fjarstýringu að rafrænu hliði milli svæðis einkaskýla og flugsvæðis.

Loftför utan Akureyrarflugvallar sem þurfa að komast á milli flugsvæðis og sérstaks starfssvæðis geta óskað eftir fjaropnun flugturns á rafrænu hliði.

Þegar þörf krefur skal aðgreint flugverndarsvæði skilgreint á suðurhluta flughlaðs. Hvert flug sem hefst frá aðgreindu flugverndarsvæði skal senda upplýsingar þar að lútandi til ákvörðunarstaðar fyrir landingu.

Rekstraraðila flugvallar er heimilt að svipta handhafa aðgangsheimild og/eða aðgangstækjum að flugsvæði vegna brota gegn lögum og reglum eða ef talið er varhugavert, vegna eðli brots eða annars framferðis, að hann noti tæki eða hafi aðgangsheimild. Hægt er að svipta leyfishafa aðgangsheimild/aðgangstækjum tímabundið eða ótímabundið. Ákvörðun sviptingar skal vera rökstudd og leyfishafa gefinn kostur á að njóta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin.

7 Öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför

Akstri ökutækja og vinnuvéla innan flugsvæðis og svæði einkaskýla skal haldið í lágmarki. Akstur ökutækis án aðgangsheimildar er óheimill nema aðili með gilda aðgangsheimild taki ábyrgð á akstri þess og ökutækið sé í fylgd með ökutæki sem hefur gilda aðgangsheimild og viðeigandi búnað. Áður en aðili veitir ökutæki aðgang að

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

flugsvæði ber honum að ganga úr skugga um að ekkert tortryggilegt eða grunsamlegt sé í ökutækinu og að ökumaður þess sé upplýstur um þær akstursreglur sem gilda innan flugsvæðis.

7.1 Kröfur um ástand og skoðun ökutækja

Fyrirtæki og stofnanir sem nota ökutæki, vinnuvélar, kerrur, stiga og annan slíkan búnað á Akureyrarflugvelli, eru ábyrg fyrir eðlilegu viðhaldi þeirra og að halda skrá um notkun, eignarhald, viðhald og tjónasögu og gátlista hvers ökutækis. Öll þessi gögn skulu ávallt vera aðgengileg til skoðunar.

Til að öðlast heimild til aksturs um flughlöð skulu ökutæki uppfylla þær kröfur um ástand sem settar eru fram hér fyrir neðan.

- Ökutæki sem fyrirhugað er að aka um flughlöð, flugvélaakbrautir og flugbrautir skulu búin gulu blikkandi ljósi á þaki eða hæsta punkti.
- Öll ökutæki sem ætlað er að aka um flugvélaakbrautir og flugbrautir skulu búin talstöð sem tryggi öruggt samband við flugturn og skal kallmerki ökutækisins vera tilgreint á lista í flugurni.
- Allur vélknúinn tækjabúnaður sem ekki er skráningarskyldur samkvæmt umferðarlögum og notaður er til þjónustu við loffför á flugvélastæðum skal ávallt standast skoðun samkvæmt viðkomandi reglugerð hjá Vinnueftirlitinu.
- Ljósabúnaður ökutækisins, aðalljós, stefnu- og stöðuljós bæði aftan og framan, stefnu- og aðvörunar ljós í mælaborði þar sem það á við, sem og gulur ljósviti.
- Dagsetningar síðustu skoðunar slökkvitækja og sjúkrakassa.
- Enginn aðskotahlutur eða verkfæri laus í eða utan á ökutæki.
- Hjólbarðar og annar hjólabúnaður.
- Hemlabúnaður og handhemill.
- Einangrun rafmagnsvíra og eldsneytis-, olíu- eða þrýstivökvakerfa.
- Talstöðvar.
- Kort í tækjum sem segja til um heimild og gildistíma tækja

7.2 Umferðarmerkingar

Umferðarmerkingar, leiðbeiningamerkingar og aðvörunarskilti eru til upplýsingar fyrir ökumenn í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

7.3 Forgangsröð umferðar

Í daglegri starfsemi á Akureyrarflugvelli er kapp lagt á að áætlun flugrekenda raskist ekki. Brýnt er að öryggi sé ávallt haft í fyrirrúmi og sérstaklega á annatímum. Til að auka öryggi umferðar á flugvöllinum gildir forgangsröðun.

Á flugvöllinum hafa loffför sem eru í landingu eða flugtaki forgang. Þar næst er forgangsröðin eftirfarandi:

1. Loffför í flugtaki og landingu.
2. Neyðarþjónustubifreiðar í forgangsakstri.
3. Flugvélar í akstri undir eigin vélarafli.
4. Ökutæki við snjóhreinsun, hálkuvarnir, sópun, bremsumælingar og brautarskoðanir.
5. Ökutæki með flugvél í eftirdragi.
6. Þjónustubifreiðar.
7. Önnur ökutæki.

Ökumönnum og fótgangandi er skylt að víkja fyrir loffförum. Stöðva ber í tæka tíð og í nægjanlegri fjarlægð frá lofffari þar til það hefur farið hjá. Bannað er að aka frammúr lofffari. Ökumenn skulu gæta þess, að ljós ökutækja trúfli ekki loffför í landingu, flugtaki eða akstri á flugvöllinum.

Tendra skal viðvörðunarljós (*Anti Collision Lights*) lofffara, áður en hreyflar eru ræstir. Öll umferð á flughlaði skal vera í öruggri fjarlægð frá lofffari eftir að viðvörðunarljós hafa verið tendruð.

7.4 Hraðatakörk

Á flughlöðum, flugbrautum og flugvélaakbrautum eru í gildi almenn umferðarlög, lög um lofftferðir, reglur um lofftferðir og reglugerð 464/2007 um flugvelli.

Hámarkshraði ökutækja er eftirfarandi:

- a. 50 km/klst. á flugbrautum og flugvélaakbrautum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

b. 30 km/klst. á flughlöðum.

Ökutæki og vinnuvélar sem starfrækt eru til snjórúðnings, bremsumælinga og ökutæki í neyðarakstri skulu undanþegin ákvæðum hér að framan.

7.5 Kröfur til stjórnenda ökutækja

Ökumenn eru hvatti til að fylgja reglum í hvívetna og vera til fyrirmyndar í öllum akstri á flugvöllum.

Ökumenn eru ábyrgir fyrir að hafa ávallt stjórn á ökutækinu.

Ökutækjum með lyftibúnaði skal ávallt ekið með lyftibúnaði í eins lágri stöðu og mögulegt er.

Aðeins er leyfilegt að aka frammúr hægfara ökutæki við öruggar aðstæður og þá án þess að farið sé út fyrir merкта ökuleið.

Að minnsta kosti 10 metrar skulu vera milli ökutækja á ferð þar sem 50 km ökuhraði er leyfður.

Ökutæki skal ekki aka yfir akbraut flugvéla ef loftfar er þar á ferð. A.m.k. 200 metra fjarlægð skal vera í næsta loftfar jafnt aftan sem framan við það.

Bannað er að skilja ökutæki eftir í gangi á athafnasvæðum flugvallarins.

Bannað er að leggja, og forðast skal að stöðva ökutæki á merktum ökuleiðum.

Ekki skal leggja ökutæki þar sem það kann að verða í vegi fyrir flugvél eða öðrum ökutækjum eða þar sem ökutækið gæti valdið hættu eða óþarfa óþægindum.

Notkun bifhjóla er bönnuð á flugvélaakbrautum og flugbrautum flugvallarins.

Umferð gangandi vegfarenda er bönnuð á flugbrautum og flugvélaakbrautum nema í neyðartilvikum og við eðlilegt viðhald.

7.6 Akstur á flughlaði

Ökumenn sem starfa sinna vegna þurfa að aka á flughlaði verða að hafa lokið rafrænu námskeiði sem er viðurkennt af Isavia innanlandsflugvöllum ehf.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Ökutæki skal ekki aka yfir slöngur, jarðsambands- eða rafmagnskapla né eldsneytisleiðslur þar sem eldsneytisáfylling loftfars fer fram.

Ökutæki skal hvorki aka né leggja undir loftfari eða vængjum nema sérstök þjónusta við loftfarið krefjist þess.

Við akstur annarra tækja en ökutækja skal stjórnandi hafa lokið viðeigandi námskeið þar um.

Farþegar mega aðeins vera í tækjum sem búin eru farþegasætum.

Þegar tæki er ekið að loftfari til þjónustu skal leggja áherslu á að gera það samhliða langlínu loftfarsins. Leggja skal tækinu með hjól í beinni stöðu (ekki í beygju) og að stefna tækisins sé í átt frá loftfarinu. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar nauðsynlega þarf að aka beint að loftfari.

Á flughlaði skal ávallt aka eftir merktum ökuleiðum. Þurfi ökutæki að víkja af merktum ökuleiðum til þjónustu við loftfar, skal nota merкта ökuleið eins lengi og mögulegt er. Velja skal stystu leið til baka inn á merкта ökuleið. Undanþágu frá þessu ákvæði hafa ökutæki og vinnuvélar Isavia á Akureyrarflugvelli. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa og aka í öruggri fjarlægð frá kyrrstæðu loftfari. Þar sem ekki er merkt ökuleið skal lágmarksfjarlægð vera a.m.k.:

- 5 metrar frá ímyndaðri línu sem miðast við vængenda, nef og stél loftfars.
- 15 metrar frá sömu mörkum þegar eldsneytisáfylling á sér stað.

Fólk og ökutæki skulu fara um í a.m.k.:

- 3 metra fjarlægð frá loftventlum eldsneytistanka í loftfari.
- 6 metra fjarlægð fyrir framan hreyfil sem er í gangi.
- 175 metra fjarlægð fyrir aftan hreyfil sem gengur hægagang.

Bannað er að aka hverskonar tækjabúnaði eða ökutæki aftur á bak að eða frá loftfari nema með aðstoð annars aðila sem segir öikumanni til og tryggir öryggi aftan við ökutækið .

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Reynist nauðsynlegt að nálgast loftfar sem ýta skal frá, eða þegar er farið að ýta frá landgangi, skal fyrst hafa samband við þann starfsmann á flughlaðinu sem er í talsambandi við stjórnendur viðkomandi loftfars.

Tækjabúnaður og ökutæki skulu ekki vera á stæði eða of nálægt því, þegar loftfari er ýtt úr stæði.

Engu ökutæki er leyfilegt að aka inn á eða yfir flugvélastæði nema ökutæki sem er notað til þjónustu við loftfar á viðkomandi stæði.

Ökutækjum og tækjabúnaði á flughlaði skal aðeins leggja á viðurkenndum stæðum. Sérstaklega skal varast að hindra ekki hugsanlega neyðarútgöngu farþega úr loftfari eða hugsanlega aðkomu slökkviliðs og ekki skyggja á slökkvitæki á stæðinu eða neyðarstöðvun fyrir eldsneytisáfyllingu.

7.7 Farangurssvæði

Akstur ökutækja er bannaður um þau svæði þar sem farangur er meðhöndlaður nema þeim sem koma að verkinu hverju sinni.

Bannað er að stytta sér leið um svæði þar sem ferming eða afferming farangurs loftfara á sér stað.

Halda skal flughlöðum hreinum. Sérstaka áherslu skal leggja á stæði fyrir loftför og svæði þar sem farið er með farangur og farm þar sem hætta er á afgangsumbúðum og aðskotahlutum. Þó að stjórnendur á svæðinu hverju sinni séu ábyrgir fyrir eðlilegri umgengni, þá er enginn undanskilinn ábyrgð.

7.8 Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum

Ökumenn sem starfa sinna vegna þurfa að aka um flugvélaakbrautir og flugbrautir verða að hafa lokið sérstöku námskeiði sem er viðurkennt af Isavia, hafa tekið verklega kennslu á ábyrgð næsta yfirmanns og hafa staðist hæfnismat hjá hæfnismatsmanni á vegum Akureyrarflugvallar.

Ökumenn skulu þekkja þær kröfur sem gerðar eru til ökutækja sem fyrirhugað er að aka inn á flugvélaakbrautir eða flugbrautir. Ökumaður skal ávallt notast við rétta orðtakanotkun og lesa fyrirmæli/samskipti til baka við turn.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Öll ökutæki á flugvélaakbrautum og flugbrautum skulu búin gulum blikkandi ljósvita.

Áður en ekið er inn á flugbraut, skal ökumaður óska akstursleyfis hjá flugturni. Fólki eða ökutækjum er óheimilt að fara út á flugbrautir eða flugvélaakbrautir nema nauðsyn beri til vegna öryggis flugsins, viðhalds, endurbóta eða annarra nauðsynlegra starfa. Þegar beðið er eftir akstursleyfi skal vera í a.m.k. 60 metra fjarlægð frá flugvélaakbraut og/eða brún flugbrautar. Sérstök stöðvunarlína afmarkar það svæði á flugvélaakbrautinni. Ökumönnum ber að virða stöðvunarskyldulínuna



Ef ökumaður villist skal hann tafarlaust láta flugturn vita.

Bannað er að skilja ökutæki eftir mannaust á flugbraut eða flugvélaakbraut nema með leyfi flugturns. Ef ökutæki er yfirgefið á flugbraut eða flugvélaakbraut skal tryggja samskipti við flugturn t.d. með handtalstöð.

Bili ökutæki á flugbraut og eða flugvélaakbraut skal láta flugturn vita og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ökutækinu út af brautinni.

Ef skyggni er minna en 550 m er öll ónauðsynleg umferð ökutækja þá bönnuð. [...] **Flughreyfingar eru óheimilar ef skyggni er minna en 550 m.** Þá skal fjöldi einstaklinga og ökutækja við vinnu á flughlaði takmarkaður að nauðsynlegu lágmarki. Á þeim svæðum sem snjóruðningur fer fram hverju sinni, er öll gangandi umferð bönnuð, aðeins nauðsynlegur akstur er leyfður og þá með sérstakri aðgæslu.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

7.9 Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum á Akureyrarflugvelli

Stjórnendur ökutækja á flughlöðum skulu hafa lokið námskeiði um öryggismál á flughlaði, viðurkenndu af flugvallarsviði Akureyrarflugvallar og hafa ávallt meðferðis ökuskírteini sem gildir fyrir viðkomandi ökutæki.

Stjórnendur ökutækja á umferðarsvæðum flugvélaakbrautum og flugbrautum skulu ávallt hafa meðferðis ökuskírteini sem gildir fyrir viðkomandi ökutæki og bókstafinn „D“ á aðgangsheimild.

Til þess að öðlast leyfi til aksturs á umferðarsvæðum flugvélaakbrautum og flugbrautum, skal viðkomandi að hafa lokið námskeiðinu BIAR akstursleyfi D, þjálfun á vinnustað sínum ásamt hæfnimati sem framkvæmt er af fulltrúa BIAR

Aðgangsheimild fyrir Akureyrarflugvöll gildir í fimm ár. Þeir sem þurfa leyfi til aksturs á umferðarsvæðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum skulu hafa hlotið endurmenntun áður en endurnýjun heimildar fer fram. Endurmenntunin fer fram með rafrænum hætti.

Eins og getið er í umferðalögum, skal ökumaður ávallt hafa meðferðis ökuskírteini í gildi fyrir viðkomandi ökutæki. Sama gildir varðandi aðgangsheimild fyrir Akureyrarflugvöll sem skilgreinir hvar viðkomandi hefur leyfi til að aka.

Brot á öryggisreglum Akureyrarflugvallar getur valdið afturköllun aðgangsheimildar [...].

8 Sérstakar öryggisreglur

8.1 Dráttartæki

Aðeins viðurkennd dráttartæki sem standast skoðun Vinnueftirlitsins og eru í lagi samkvæmt eftirliti eiganda skal nota til að draga farangurs- eða farmvagna.

Dráttartæki skal ekki skilið eftir í gangi. Ef farið er úr sæti ökumanns skal slökkt á vél og handhemill settur á.

Ef farangurs- eða farmvagn er tengdur frá dráttartæki skal handbremsu hans beitt.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

8.2 Að ýta eða draga loftfar

Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn sem hlotið hafa þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun afgreiðsluaðila flugrekanda, í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni, hafa heimild til að ýta og/eða draga loftfar.

Slökkvitæki skal staðsett á öruggum stað við flugvélarstæði.

Aðeins viðurkennd dráttartæki fyrir viðkomandi stærð loftfars sem standast skoðun Vinnueftirlits ríkisins, og eru í lagi samkvæmt eftirliti eiganda skal nota til að ýta eða draga loftfar.

Svæðið sem loftfarið fer um skal vera hindrunarlaust og öruggt áður en ýtt er af stað.

Ekki skal reyna að draga loftfar áfram eftir að hreyflar þess hafa verið ræstir.

Sé loftfar dregið á flughlaði, flugvélaakbraut eða flugbraut, skulu viðvörunarljós (*Anti collision lights*) og siglingarljós (*Navigation lights*) þess ávallt vera kveikt.


7.2.8 Hámarkshraði við drátt loftfars á flughlaði, flugvélaakbraut eða flugbraut skal vera 20 km á klst.

8.3 Stjórnun flughlaðs

Flugrekstraraðilar fara með daglega hlaðstjórn á vélum sem eru í þjónustu þeirra. Aðrar flugvélar fá upplýsingar frá flugturni um hvar þær eiga að leggja.

Á flughlaði eru fjögur flugvélastæði auk óskilgreinda stæða á suðausturluta flughlaðs.

Flugrekstraraðilar sjá um gangsetningarþjónustu á vélum sem er í þjónustu þeirra.



Hlaðstjórnandi skal sjá til þess að útblástur frá flugvél valdi ekki hættu á flughlaði.

Sértök aðgæsla skal viðhöfð þegar ekið er framhjá vélaverkstæði Isavia, skýli 4 (á horninu við geislahlið). Mikilvægt er að stoppa áður en ekið er í gegnum geislahliðið.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

8.4 Vinnuvél með færiband fyrir farangur og farm

Áður en vinnuvél með færibandi er notuð skal yfirfara öryggisatriði tækisins svo tryggt sé að það starfi rétt.

Tækið skal ávallt skilið eftir með handhemil á.

Yfirfara skal allar vinnuvélar a.m.k. vikulega með færibandi samkvæmt gátlista þess og tryggja þannig að öll öryggisatriði séu í lagi.

8.5 Flutningur á farpegum og farmi

Farþega skal aðeins flytja að eða frá loftfari með viðurkenndum fólksflutningabifreiðum og samkvæmt öryggisreglum um fólksflutninga. Þegar viðvörðunarljós (*Anti collision lights*) loftfars hefur verið slökkt eftir innkomu á stæði eru öryggismál á stæðinu, þar á meðal ábyrgð á öryggi farþega viðkomandi loftfars og áhafnar komin á ábyrgð viðkomandi þjónustuaðila, þegar þeir stíga frá borði viðkomandi loftfars og út á stæðið.

Ganga skal þannig frá farmi og farangri til flutnings um flughlöð að ekki skapist hættu af. Ökumaður skal gæta þess að frágangur sé tryggur og vera minnugur þess að ökumaður er ávallt ábyrgur gjörða sinna. Ef nauðsynlegt reynist að taka krappa beygju skal gera það með varúð og sérstaklega ef verið er með tengivagna í eftirdragi.

8.6 Eldsneytisáfylling loftfara

Reglugerð nr. 282/1980, með breytingum nr. 466/1991, kveður á um eldsneytisáfyllingu loftfara. Þar að auki er farið eftir nýjustu útgáfum rekstrarhandbóka alþjóðlegra olíufélaga um eldsneytisáfyllingu loftfara (*Aviation Operating Standards og Joint Inspection Guidelines*) eins og við á hverju sinni.

8.7 Afísing loftfara

Reglugerð nr. 464/2007, um flugvelli, VI kafli, grein 3.15, kveður á um afísingu loftfara. Þeir flugafgreiðsluaðilar sem hafa með höndum afísingar- og ísvarnarþjónustu (*de-icing/anti-icing*) fyrir loftför á Akureyrarflugvelli skulu hafa viðurkenndar öryggis- og vinnureglur fyrir slíka starfsemi í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur


Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Við afísingu loftfara skal einungis nota viðurkenndan búnað. Til að tryggja öryggi notenda tækjabúnaðarins og annarra á afísingarsvæðinu, skal ávallt yfirfara tækjabúnaðinn fyrir notkun.

Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn skulu afísa eða ísverja loftför á Akureyrarflugvelli. Sama gildir um meðhöndlun efna sem notuð eru hvort sem er til afísingar (*de-icing*) eða tímabundinnar ísvarnar (*anti-icing*).

8.8 Varasöm efni og meðferð þeirra

Varúðarráðstafanir og öryggisreglur vegna geymslu og notkunar varasamra efna skulu vera í samræmi við reglugerð 553/2004 um verndun starfsmanna gegn heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðvum.



Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn fái nægilega og viðeigandi þjálfun í forvörnum og þekki merkingar á varasömum varningi, varúðarráðstafanir og fyrstu viðbrögð við efnaslysum.

Ef varasöm efni losna úr læðingi skal tafarlaust tilkynna það til vaktstjóra Akureyrarflugvallar í síma 896 1270 og vara aðra á svæðinu við hættunni ásamt því að hringja í 112.

8.9 Reglur og leiðbeiningar um efnanotkun á vinnustöðum

Reglur um efnanotkun á vinnustöðum er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, Sjá lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur, þar eru ákvæði um öryggisblöð, reglugerð nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum og reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

8.10 Merkingar varasamra efna

Allur varasamur varningur sem fer um Akureyrarflugvöll skal vera merktur í samræmi við reglugerð nr. 236/1999 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda



Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varningsflugleiðis, reglugerð nr. 193/2006 um flutningaflug, reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi og í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar um.

Allur varasamur varningur skal merktur með viðeigandi fjögurra stafa „UN“ einkennisnúmeri sem skilgreinir nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna viðkomandi varnings.

8.11 Meðferð eldfimra efna

Meðferð eldfimra efna skal vera í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000.

Reykingar eru bannaðar á flughlöðum á Akureyrarflugvelli.

Notkun tækjabúnaðar sem gefur frá sér neista eða eld er bannaður á flughlaði nema við öruggar aðstæður og þá með samþykki slökkviliðsstjóra eða fulltrúa hans.

Sérstök varúð skal viðhöfð í nálægð við loftfar þegar eldsneytisáfylling fer fram. Aðeins skal ekið á merktum ökuleiðum, og ekki nær en í 15 metra fjarlægð.

Atvinnurekendur skulu tryggja að allir starfsmenn á flughlöðum hafi lokið námskeiði um verklagsreglur, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum og eldsvoða.

Þjónustuaðili viðkomandi loftfars skal ávallt sjá til þess að viðurkennt slökkvitæki sé við loftfar á stæði, eitt slökkvitæki er talið nægjanlegt milli tveggja loftfara ef stæðin eru samliggjandi.

8.12 Viðbrögð við neyðarástandi

Skapist neyðarástand skal tafarlaust hringja í 112 sem hefur samband við viðeigandi aðila.

Í kafla 5.1 hér að framan er tilgreind ábyrgð forstöðumanna um þjálfun starfsfólks, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum eða eldsvoða. Notkun slökkvitækja og annars öryggisbúnaðar, staðsetning neyðarrofa til að stöðva eldsneytisáfyllingu, staðsetning brunaboða og hlutverk öryggisfulltrúa eru grundvallaratriði sem allir starfsmenn verða að þekkja.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

8.13 Viðhald og viðgerðir á loftförum utandyra

Hvar sem viðgerð eða viðhald á loftfari fer fram skal forðast að eldsneyti, olía eða þrýstivökvi nái að menga umhverfið. Tafarlaust skal hreinsa upp það sem niður fer og óska eftir aðstoð flugvallarþjónustu ef magnið er meira en svo að það þekji 5 fermetra svæði.

Við viðhaldsvinnu á loftfari utandyra er þjónustuaðili ábyrgur fyrir því að farið sé eftir viðeigandi öryggis-/verklagsreglum og reglugerðum hverju sinni.

8.14 Vinnupallar og öryggismál

Vinna á vinnupöllum á Akureyrarflugvelli skal vera í samræmi við byggingarreglugerð.

Við tímabundna vinnu úr lyftikörfu, skal fara eftir leiðbeiningum vinnueftirlitsins um vinnuvernd, að lyfta fólki með lyftara.

Vinnupallar, körfubifreiðar, lyftarar og allur búnaður sem nota skal við tímabundna vinnu skal uppfylla öll öryggisatriði sem sett eru í ofanskráðum reglugerðum og leiðbeiningum eins og Vinnueftirlitið gerir kröfu um.

8.15 Eldsneytisbirgðastöðvar á Akureyrarflugvelli

Eldsneytisbirgðastöðvar á Akureyrarflugvelli og flutningar eldsneytis að þeim skal vera í samræmi við reglugerð nr. 188/1990 um eldfima vökva, reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og reglugerð nr. 252/1999 um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda, *volatile organic compound (VOC)* við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva.

Takmarka skal umferð gesta inn á svæði eldsneytisbirgðastöðva á flugvöllinum og enginn óviðkomandi skal vera þar án eftirlits.

Ávallt skal halda hreinum olíuskiljum sem hirða eldsneyti sem gæti farið niður á svæðinu ásamt niðurföllum og leiðslum að slíkum skiljum.

8.16 Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka

Verði vart eldsneytisleka við áfyllingu loftfars skal tafarlaust stöðva dælingu eldsneytis og tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112 sem hefur samband við flugvallarþjónustu flugvallarins. Vara skal alla á svæðinu við eldhættu og rýma svæðið á móti vindi.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

HB530 02 - 5 Öryggisreglur Akureyrarflugvöllur

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar

Uppgufun frá eldsneyti berst með vindi og því er áriðandi að vélar séu ekki hafðar í gangi undan vindátt eða eitthvað það sem kveikt gæti í eldfimum gufum.

Standi ökutæki með aflvél í gangi á flugvélastæðinu má aka því stystu leið frá eldsneytinu gegnt vindátt. Ekki skal gangsetja ökutæki á stæðinu til að koma því burt.

Tryggja skal aðkomu slökkviliðs og vísa á réttan stað.

Beina skal allri umferð frá svæðinu.

8.17 Vinnuvernd og heilsugæsla

Forstöðumenn fyrirtækja og deilda á Akureyrarflugvelli eru ábyrgir fyrir því, að farið sé að lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með síðari breytingum, ásamt því að halda uppi markvissu forvarnarstarfi, vinnustaðaeftirliti og þeim ákvæðum sem þar koma fram.

Í II. kafla laganna, 5. grein, segir að þar sem starfsmenn séu 10 eða fleiri, skuli atvinnurekandi tilnefna einn öryggisvörð af sinni hálfu og starfsmenn annan úr sínum hópi sem öryggistrúnaðarmann. Þeir skuli í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við umrædd lög.

Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa tvo fulltrúa úr sínum hópi og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Frekari tilgangur nefndarinnar sem og fulltrúa hennar er skilgreindur í lögnum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
